

## Lýsing í eintakfærslu – fjölbindaverk og tímarit

01.12.2022 – Landskerfi bókasafna

Þegar fjölbindaverk eru skráð á sömu bókfræðifærslu þá er ekki hægt að setja upplýsingar um bindin í forðafærsluna þar sem eintökin eru öll í sömu forðafærslunni. Til þess að greina á milli binda þarf að nota lýsingu í eintakfærslunni. Lýsing er **aðeins** ætluð fyrir fjölbindaverk og tímarit. Þegar tímaritaáskrift er útbúin rétt með komuspá þá býr kerfið sjálfkrafa til lýsingu fyrir tímaritin. Ef hinsvegar er um stakt tímarit að ræða þá þarf að fylla þessar upplýsingar út sjálfur.

Athugið: aðeins má nota lýsingu fyrir fjölbindaverk og tímarit. Um leið og eitthvað hefur verið sett í lýsingu heldur kerfið að öll eintök af þessum titli í safnakjarnanum séu fjölbindaverk eða tímarit. Þetta gerir það að verkum að það er aðeins hægt að taka frá sérstakt eintak á leitir.is en ekki setja frátekni á titil. Lánþegi getur hins vegar tekið frá sérstakt bindi í fjölbindaverk eða sérstakt tölublað af tímariti.

Til þess að breyta þessum upplýsingum er farið í „breyta eintaki í safnskrá“ inni í „móttækur eintök deildar“ eða „breyta eintaki“ þegar það er búið að fletta eintakinu upp undir „áþreifanleg eintök“. Þá opnast gluggi sem heitir „Ritill fyrir áþreifanlegt eintök“.

|              |                      |  |                      |
|--------------|----------------------|--|----------------------|
| Upptalning A | <input type="text"/> | Upptalning B                           | <input type="text"/> |
| Tímatall I   | <input type="text"/> | Tímatall J                             | <input type="text"/> |
| Lýsing       | <input type="text"/> | <input type="button" value="Búa til"/> |                      |

Til þess að nota lýsingu þarf fyrst að fylla í reitina Upptalning og Tímatall og búa til lýsingu. Þetta gerir það að verkum að lýsing fyrir fjölbindaverk og tímarit eru samræmd í kerfinu. Til þess að útbúa samræmda lýsingu þarf að smella á „Búa til“ þegar búið er að fylla inn í viðeigandi reiti.

Til þess að setja inn bindisnúmer fyrir fjölbindaverk er tala skrifuð í Upptalning A og smellt á „búa til“ í lýsingu. Þá býr kerfið til samræmt bindisnúmer í lýsingarreitinum.

### Upptalning A – Bindisnúmer

|              |                                       |  |                      |
|--------------|---------------------------------------|--|----------------------|
| Upptalning A | <input type="text" value="2"/>        | Upptalning B                           | <input type="text"/> |
| Tímatall I   | <input type="text"/>                  | Tímatall J                             | <input type="text"/> |
| Lýsing       | <input type="text" value="2. bindi"/> | <input type="button" value="Búa til"/> |                      |

Til þess að setja inn lýsingu á tölublaði fyrir tímarit eru upplýsingarnar fylltar út eins og við á og síðan er smellt á „búa til“ í lýsingu. Þá býr kerfið til samræmda lýsingu fyrir tölublaðið.

### Upptalning A – Árgangur

### Upptalning B - Tölublað

### Tímatall I – Ártal

|              |  |  |                                |
|--------------|--|--|--------------------------------|
| Upptalning A | <input type="text" value="56"/>                      | Upptalning B                           | <input type="text" value="8"/> |
| Tímatall I   | <input type="text" value="2022"/>                    | Tímatall J                             | <input type="text"/>           |
| Lýsing       | <input type="text" value="56. árg. 8. tbl. (2022)"/> | <input type="button" value="Búa til"/> |                                |

Þegar búið er að laga upplýsingarnar skal smella á „Vista“. Með því að nota prentarasniðmát sem er merkt með T (í nýju prentarastillingunum) er hægt að draga fram upplýsingarnar sem eru í reitum Upptalning og Tímatall.